

Hringferð um Danmörku, Þýskaland, Sviss, Ítalíu, Frakkland, Þýskaland og Danmörku 24. júlí til 21 ágúst 1982

Við Guðbjartur og strákarnir höfum öll verið sammála um það, að langskemmtilegast sé að ferðast upp á eigin spýtur, þ. e. a. s. (→ þeas.) án fararstjóra í skipulögðum hópferðum. Þó hefur það fyrst og fremst verið fararstjórinn sem okkur hefur verið lítið gefið um - fengum reyndar smá nasapef af því um borð í skemmtisnekkju á Rínarfljóti hérna um árið. Við höfum ferðast mikið saman og þá ævinlega þannig, að við höfum sjálf getað ráðið ferðinni. En nú bar svo við, eiginlega án þess að við gerðum okkur fyllilega grein fyrir því sjálf, að við vorum komin langleiðina suður í Evrópu undir svo traustri og markvissri fararstjórn, að það gat allt eins talist harðstjórn. Að vísu var fararstjórinn hvorki hár í lofti né með langa reynslu að baki en þótt Ingibjörg hafi aðeins verið tæpra tveggja ára og hvorki farin að segja til nafns né aldurs, þá stýrði hún ferðinni af svo mikilli festu og kænsku, að varla hefði verið á betra kosið. Það er okkur öllum ljóst núna eftirá, þótt stundum hafi reynt á þolrifin meðan á ferðinni stóð.

Þegar við lögðum fyrstu drög að ferðaáætluninni og ræddum báða möguleikana, annars vegar þann að þiggja boð ömmu og Karenar um að gæta Ingibjargar á meðan við værum úti, eða þá hinn kostinn að taka þá litlu með, þá voru feðgarnir fljótir til svars – jú, auðvitað skyldi Ingibjörg koma með, annað kom ekki til greina. Engu að síður kom fljótlega í ljós að hvert okkar hefði ákveðin ferðamarkmið og óskir í huga, sem varð að uppfylla og þar skyldi hún ekki fá að standa í veginum. En líklega er það þessi staðreynd, sem gerði ferðina bæði fjölbreytilegri og skemmtilegri en hún ella hefði orðið, og þá vegna þess, að sjálf hafði Ingibjörg líka sínar hugmyndir og óskir og gaf hvergi eftir í þeim efnum.

Ferðaundirbúningurinn hófst strax og tók að vora, og eitt af því fyrsta, sem gera átti í þeim efnum, var annars vegar að venja Ingibjörgu á að nota klósettið og hins vegar að fá hana til að segja skilið við snuðið. Hvorugt tókst, og þess vegna varð rauði koppurinn og snuðið ásamt kerrunni okkar tryggu förunautar, sem við skildum aldrei við okkur. Og núna eftirá, þegar rifja á upp spaugilegustu atvikin úr ferðinni, þá eru það ævinlega svipmyndir eins og þessar, sem fyrst koma upp í hugann: Guðbjartur hlaupandi við fót á eftir Ingibjörgu í kerrunni niður snarbratta fjallshlíð og hún skríkjandi af ánægju á meðan furðulostnir ferðamenn ætluðu vart að trúá eigin augum, - ég að laumast inn á veitingakrá eða bensínstöð með rauða koppinn falinn í plastpoka, - eða þá þegar öll fjölskyldan skreið á fjórum fótum um stofugólf eða tjaldstæði í leit að

snuðunum hennar Ingibjargar. Þá gat okkur oft orðið gramt í geði, en núna hlæjum við auðvitað bæði dátt og lengi.

24. júlí 1982¹

Um borð í flugvél Flugleiða. Ingibjörg og Hákon sofa vært, við erum rösklega hálfnuð til Kaupmannahafnar. Allir hafa notið góðra veitinga. Per Grimnes ók okkur að „bussinum“ á Hótel Loftleiðum. Sá reyndist snar í snúningum, þegar í ljós kom að Guðbjartur hafði gleymt „leicunni“ sinni á eldhúsbörðinu hjá mömmu. Já, mamma var svei mér rösk að átta sig svona fljótt og hringja umsvifaslust í afagreiðslu hótelsins og láta okkur vita – aðeins 20 mínútum seinna var ljósmyndavélin komin í hendurnar á Guðbjarti og við þar með til að „leggja í’ann“.

Við erum öll í ferðahug, en ósköp þreytt og illa sofin, Guðbjartur svaf td. aðeins einn klukkutíma í nótt, enda sé ég að hann er dottinn út af líka. Margt þarf að muna og gera á síðustu stundu áður en lagt er af stað, jafnvel þótt ferðin hafi verið undirbúin með góðum fyrirvara, já allt að því í heilt ár. Bíllinn okkar lagði á haf út sl. miðvikudag, þann 2. júlí og þar með var aðalundirbúningnum lokið. Elsa systir og Per voru okkur hjálpleg við að bóna, þrifa og pakka, - ég held bara, að þau hefðu vel getað hugsað sér að slást með í förina. Í bílnum er bæði allur fatnaður, viðleguútbúnaður og búsáhöld, auk frystikistunnar – „gullkistunnar“ – og eldhúsinnréttingarinnar, auðvitað, já það verður gaman að prófa þetta allt.

Komum til Kaupmannahafnar² kl. tæplega tólf og vourm komin inn á Hotel Selandia³ fyrir kl. tvö á þeirra tíma. Þá var sól og 23°C hiti. Þennan dag fórum við í „Havnerundfart“⁴ frá Holmens Kanal, mjög skemmtilegt og um kvöldið borðuðum við fínan „middag“⁵ hjá Ritu og Ebbe, yndislegt og rólegt kvöld. Ingibjörg stóð sig eins og hetja, - gekk allar vegalengdir tvöfalt á við okkur hin og lét engan bilbug á sér finna, þegar hún tólti með okkur eftir Frederiksberg Allé heim á hótelið kl. tólf á miðnætti.

25. júlí, sunnudagur⁶.

Vöknuðum seint, en höfum líka þar með sofið úr okkur höfuðverk og óendanlega mikla þreytu, ekki síst var Guðbjartur orðinn langþreyttur eftir margra vikna puð í bílnum. Hér á Hotel Selandia er morunverður snæddur frá kl. 7 – 10, aðrarar veitingar gefast ekki. Hákon, sem fékk að sofa hjá Ritu, kom þegar við sátum við borðið. Hann hefur greinilega gaman af að vera hjá þeim og spjalla við þau í rólegheitum, enda er þar bæði sjónvarp og annað sem freistar hans frá sl. sumri.

Hringdi í Bodil um 10 leytið og við ákváðum að fara saman í Tívoli⁷, úr því að það hafði verið á áætlun okkar beggja áður. Við hittumst þar ca. eitt, en áður höfðum við fjögur farið að versla á brautarstöðinni og síða í Turistinformationen til þess að útvega ferðabæklinga fyrir Kirsten Friðriksdóttur og í danska vaxmyndasafnið – þar var að vísu gaman að koma en gæði safnsins eru í engu samræmi við aðgangseyrinn.

Dagurinn með Bodil, Peter, Anne og Marie varð ljómandi, allir hressir og glaðir – börnin fengu að prófa margt, Bodil hafði kaffi á brúsa meðferðis og við buðum upp á ís + ofl. Við vorum í Tívoli fram udnir kl. 6, en þá buðum við Bodil ásamt fjölskyldu að borða á Lido – fengum fína „platta“ – og kvöddum þau síðan um hálf áttaleytið. Ingibjörg var sett í bað – lögð í bleyti -heima á hótélherberginu þetta kvöld, enda sjaldan verið eins skítug og ég gat þvegið þvott í handlauginni. Síðar um kvöldið kom Helga Guðmundsdóttir og við fórum saman út í litla krá í nágrenninu og ræddum saman um dönskukennsluna næsta vetur. Hún ók Hákonni síðan heim til Ritu.

Mánudagur 26. júlí.⁸

Nú er skýjað en gott veður, kl. er ca. 8, þau sofa feðgin en verða ræst fljótlega, því að við verðum að komast til þess að sækja bílinn á afgreiðslu Hafskips og fleira þarf að gera. Ætlunin er að komast til Lübeck⁹ í dag. Hittum séra Þóri Stephensen og fjölskyldu í Helgolandsgötu í morgun. Flutningurinn á bílnum gekk ljómandi vel, hann beið okkar fallegur og „hýr“ um borð viðbúinn að flytja okkur áfram suður á bóginn, ekki síst varð hann Ingibjörgu fagnaðarefni. Á meðan feðgarnir gengu frá bílnum fórum við Ingibjörg í bókabúð, apótek og bakarí – Ingibjörg er síkát og fjarska dugleg – sefur þegar henni sjálfri hentar og vakir þegar okkur þóknast.

Søren Koch var einn heima í kotinu¹⁰, en tók okkur opnum örmum, bauð upp á kaffi í eldhúsinu og síðan út í ber. Hér voru stikilsber, rifs, sólber, hindber og kirsuber, auk þess þó nokkuð af jarðarberjum þó að komið væri fram í enda júlí. Við vorum eins og kýr, sem komast í fóðurbæti og Ingibjörg var enginn eftirbátur okkar hinna - fengum enda vind í magann. Vorum síðan leyst út með berjum, tómötum og agúrkum. Hér komst Guðbjartur að raun um að nýtt sandala-„mystery“ væri í uppsiglingu.

Um borð í ferjunni á leið til Travemünde¹¹: Ingibjörg sefur vært hérna afturí og við hin höfum blundað til skiptis líka. Við áttum indæla kvöldstund hjá Else og Jørgen Adrian – komun þar ca. hálf átta, þáðum kaffi og kökur og gátum bæði spjallað og skoðað búíð – þarna þykir Guðbjarti og strákunu alltaf jafn gaman að koma – og náðum þó ferjunni tímanlega kl. 10.

Núna erum við að nálgast strönd Þýskalands, ég held að innra með okkur öllum búi sama eftirvæntingin – að hitta Tómas aftur – jafnvel Ingibjörg skynjar

eitthvað, en enginn minnst á, að við eru í rauninni einum degi á undan áætlun – ætluðum fyrst að hitta Tomma þann 28. - sjáum hvað verður. Hingað til hefur veðrið leikið við okkur, sól og hýtt, þó er svalara í dag en í gær.

27. júlí, þriðjudagur¹²

Sváfum í bílnum við „autobahn“ rétt utan við Lübeck¹³, eyddum síðan deginum þar, versluðum og skoðuðum borgina, ma. Mariukirkjuna¹⁴. Fyrri hluta dagsins rigndi rösklega, en síðan stytta upp og gerði ydnislegt veður. Borðuðum að ósk Hákonar á Wienerwald, kjúkling¹⁵ + salat, Ingibjörg setti allt í gólfíð, bæði mat og borðbúnað og vakti miðið hneyksli hjá Þjóðverjunum. Ég varð alveg miður mín og hafði á orði að lílega væri bara best að borða allta í bílnum. Guðbjartur var ekki alvegá því: „Láttu mig hafa stelpuna, hún verður auðvitað að læra mannsiði eins og aðrir“ og upp frá því sat Ingibjörg jafnan hjá pabba sínum, þegar snætt var og virtust bæði kunna því vel.

Í Lübeck keyptum við marzipan í sérversluninni þar og ókum síðan í átt að Eschede um kvöldið. Áttum í erfiðleikum með að finna tjaldstæði, lögðum bílnum loks um tólfleytið hjá „draugahóтели“ og sváfum í honum um nóttina.

28. júlí, miðvikudagur¹⁶

Vöknuðum snemma og leituðum okkur að „swimmbad“ – vildum fína okkur til og snurfusa fyrir heimsóknina til Hr. og Frú Biedernharn – vorum boðin þangað í kaffi kl. tvö. Það tókst í „mjög fínni laug“ – þarna var „systemið“ þveröfugt við það sem gerist í Vestubæjarlauginni – ég gat meira að segja þvegið og sett í hárið. Við fengum að borða morgunmatinn okkar þarna á bílastæðinu og vorum síðan mætt hjá Tómasi í Eschede¹⁷ ca. 1:30 – miklir fagnaðarfundir.

Frau Biedernharn er glæsileg frú og heimilið einnig. Við fengum þar heimabakaða kirsuberjatertu með kaffi og koníaki og síðan skoðuðum við bæði heimilið og fyrirtækið, allt mjög myndnarlegt. Við vorum þarna fram eftir degi og þegar við kvöddum, vorum við leyst út með kirsuberjfsaft og sultu, heimalagað úr berjum sem Tómas hafði verið settur í að tína síðustu dagana, þar sem lokað var á bílaverkstæðinu vegna sumarfría. Ingibjörg lék á als oddi og stal hjartanu úr frú Biedernharn. Þá fengum við að þvo og bóna bílinn í „automdt“, sem þarna er. Þá fórum við öll á sjúkrahúsið til þess að kveðja Hr. Biedernharn, sem þar dvaldi, elskulegur maður en mjög þjáður af meinsemd í mjöðmum. Ég held að þeim hafi þótt sárt að sjá af Tomma. Um kvöldið gengum við um Celle¹⁸ og keyptum í matinn – við reyndum alltaf að borða á þýska vísu. Loks var haldið til Münden¹⁹ við ána Weser²⁰ og þar fengum við gott tjaldstæði.

29. júlí²¹

Sat við ána Fulda²² og skrifaði í gær – áttum góðan dag saman í gær í þessum yndilega bæ – Münden²³ – hér mætast árnar Fulda og Werra²⁴ og sameinast síðan í Weser. Mörg húsanna í bænum eru frá miðöldum og bæjarstæði Münden hefur stundum verið talið eitt af 7 fallegustu bæjarstæðum Þýskalands. Þarna skoðuðum við kirkjuna og keyptum eitt og annað, sem okkur vanhagaði um, meðal annars sólstól og sólhatt handa Ingibjörgu. Heitt var þegar við gengum upp í hæðirnar fyrir ofan bæinn, en það var vel þess vrði því að þaðan var dásamlegt útsýni yfir bæinn og árnar. Á tjaldstæðinu fengum við okkur góða máltíð og héldum síðan í átt til Arzberg um fimmleytið. Komum til borgarinnar Bamberg²⁵ í Bayern það seint um kvöldið, að lögreglan varð að vísa okkur veginn á tjaldstæðið – hér er landið og umhverfið allt mjög frábrugðið því, sem vestar gerist – fallett þó, víðlendara með ökrum, skógum og svolíttli vínrækt.

30. júlí, föstudagur.²⁶

Veðrið leikur við okkur, sól og hiti bæði í Münden og hér í Bamberg. Vöknuðum snemma og borðuðum „Frühstück“ niðri við fljótið, þrátt fyrir mótmæli strákanna út af öllum vespunum, sem hér eru, þær sækja svo í hunangið hjá mér. Ætluðum að ná til Arzberg²⁷ í dag.

Leiðin þangað var mjög falleg – fórum um Fichtelgebirge²⁸ og vorum öll mætt hjá Arzberg-postulínsverksmiðjunni kl. 2. - höfðum buxna og kjólaskipti á bensínstöð rétt áður en við komum að verksmiðjunni. Heimsóknin þangað var stutt, en þó skemmtileg. Okkur var boðið inn í „local“ með sýnishornum af framleiðslunni gegnum árin og þar bauð hr. Heinz upp á veitingar. Því miður var frá Schaffer í fríi. Hr. Heinz var dálítið á tauginni, langaði greinilega að komast sem fyrst í helgarfríð sitt og virtist hafa mestan áhuga á Ingibjörgu, enda hegðaði hún sér eins og fín dama og drakk mikið „mineralwasser“ eða var það kannske „sprudel“ eða „brause“?

Frá Arzberg var haldið til Weissenstadt²⁹ – en á leiðinni stoppuðum við í litlu þorpi, borðuðum „pizzu“ hjá Ítala og Ingibjörg gerði í koppinn á miðri aðalgötunni, þorpsbúum til mikils undurs og Tómasi og Hákonni til mikillar gremju – „Eins gott að við eigum ekki eftir að koma hér aftur“ heyrðist í öðrum þeirra. Kaupum okkur oft brauð, osta og bjór eða vín og borðum í bílnum eða á tjaldstæðunum – allir eru hressir og líður vel. Í kvöld hringdum við til Sviss, einnig örstutt til ömmu á Íslandi.

Núna er klukkan ca. hálf-ellefu – við sitjum á bjórstofu hérna á tjaldstæðinu við Weissenstadt – hér er gott að vera – við njótum þess að hafa komist tímanlega í náttstað og hér hef ég líka komist í þvottavélar, það var svo

sannarlega orðin þörf á því. Á morgun er ferðinni heitið vestur og suður á bóginn til Zürich.

31. júlí.³⁰

Gott var að gista í Weissenstadt – fórum öll í bað um morguninn og borðuðum morgunmatinn úti við lítið vatn, sem þar er. Síðar um daginn, þegar við vorum á „autobahn“ vestar, gerði mesta úrfelli, algjört skýfall og þrumur, oft var jafnvel erfitt að aka – umferðin var gífurleg og við heyrðum í útvarpinu að víða væri „Stau“ – umferðartafir. Við lentum þó aldrei í þeim, en við ókum í einni lotu eina 500 km þvert yfir Bayern, þas. á „autobahn“. Það var þreytt fjölskylda sem fékk inni á tjaldstæði við Gohren³¹ það kvöld. Tjölduðum og fórum síðan og fengum okkur gott að borða í veitingabúð Wiener Schnitzel³² og fleira gott, gengum síðan lengi meðfram vatninu og lentum fyrir tilviljun á „Volksfest“ – þar mátti kaupa bæerskar „tröllapylsur“ í brauði og bjór – mikið sungið og mikið drukkið.

1. ágúst³³

Næsta morgun kom í ljós að tjaldstæðið í Gohren við Bodenvatnið³⁴ var eins og mörg þúsund manna byggð. Til þess að nálgast eitthvað ætilegt í matvörubúð varð að ganga vegalengd eins og vestan úr bæ og upp í Breiðholt og okkur ofbauð mannhafið. Hér ferðaðist fólk um á reiðhjólum innan tjaldstæðisins – margir dveljast á svona stað svo dögum skiptir og hafa á með sér sjónvarpið sitt + kaktus í potti. Við urðum því næsta fegin að komast út af tjaldstæðinu, fundum okkur dásamlegan stað í „Kurort“ niðri við Bodensee, borðuðum þar og leigðum okkur síðan seglbát. Sólin var heit, Ingibjörg svaf og ég gekk um með hana í kerrunni fyrsta klukku tímann, síðan leysti Tómas mig af og ég komst í siglingu líka. Þarna var hreinn unaður að vera, þá ókum við til Meerburg³⁵ og tókum ferjuna þaðan yfir til Konstanz³⁶. Komum til Sviss³⁷ ca. kl. 5:30 og ókum sem leið lá til Zürich. Við tókum strax eftir „breyttum brag“ hér, þjóðhátíðardagur Svisslendinga er einmitt 1. ágúst og víðast hvar héngu fánar í gluggum og í Zürich³⁸ voru einnig flugeldara um kvöldið.

Hér í íbúð Barböru Hasler var allt í besta lagi, - já, hér má finna fallega muni í hverjum krók og koma – allt andar „Liebe“, er mjög smekklegt og okkur að skapi. Við hituðum okkur góðan mat í eldhúsinu og síðan gengum við Guðbjartur niður í bæinn. Ingibjörg var orðin alveg úrvinda og sofnaði í fanginu á mér.

2. ágúst.³⁹

Við vorum lengi að dunda hér í morgun – fórum síðan og keyptum okkur matföng í verslun beint á móti. Tómas verður að fá corn-flakes í hvert mál, hann hafði þráð það í sex vikur (hann lætur lítið yfir matseðlinum hjá Biedernharn), síðan fóru drengirnir í bæinn, en við biðum eftir Müller-fjölskyldunni, sem ætlaði að hitta okkur hér kl. 2:30. Áður leit systir Barböru, Martina⁴⁰, hingað inn, elskuleg stúlka, - hún átti ekki von á því að hitta hér fólk, bjóst við okkur nokkru seinna, og brá því heldur betur í brún. Þau Helen, Harry, Niels og Jens Müller voru öll hress og endurnærð eftir 14 daga dvöl í sumarbústað á Fjóni. Við drukkum kaffi saman með lübecker-marzipani og síðan var spjallað og áætlað lengi. Um kvöldið þennan fyrsta dag í Zürich gengum við Guðbjartur og Ingibjörg í bæinn til að versla og síðan niður að Zürichvatninu, loks höfum við átt notalegt kvöld saman hérna í íbúðinni. Við Hákon matreiddum góða máltíð, salat, ostur, egg, skinka með majonaisesósu svokallaður „Salat-Teller“, og við sátum síðan lengi við matborðið, spjölluðum saman og nutum þess að taka lífinu með ró. Ingibjörg finnur fyrir þessu notalega andrúmslofti líka, hún er okkar augasteinn og yndi.

Núna sefur Hákon vært hjá Ingibjörgu, en Tómas og Guðbjartur virðast í rokna „kjaftastuði“ – hér er mollulegt í kvöld, já, svo að Tommi fyllyrðir að miðstöðin sé á fullu af því að ekki sér til sólar en þó svona heitt. Snuðin hennar Ingibjargar liggja hér á víð og dreif, sé ég, um alla íbúðina.

3. ágúst.⁴¹

Höfum átt einstakan dag saman hér í Zürich – fórum í bæinn um 12:30, versluðum mikið og vel, borðuðum á Wienerwald-veitingastað og enduðum daginn í Kunsthaus, það var stórkostlegt. Í Kunsthaus⁴² skoðuðum við vélalistsýningu, Edward Munch-myndir, gamlar ljósmyndir og fleira. Hefðum hæglega getað eytt mun lengri tíma þarna, en bæði vorum við orðin þreytt og eins var safninu lokað kl. 9. Drukkum síðan kaffi með súkkulaði hér heima á eftir – reyndar var súkkulaðið óætt, átti síst von á slíku hér í Sviss. Líklega höfum við sjaldan verið jafn mikið saman og spjallað eins og þessa dagana – já, og allir virðast una þessu lífi vel, en líklega hefur pyngjan lést ofurlítið í dag – létum nefnilega eftir okkur að versla í dýrasta hverfinu hér í borginni, í og við Bahnhofstrasse – en hálf ánægjan er að sjálfsögðu í því fólgin að sjá allt fína fólk, glæsilegar verslanir og bankana – enda stóðu strákarnir oft agndofa og Tommi var kominn hálfur inn í demantaverslun í eigu Gyðinga á einu götuhorninu. Í dag eignaðist ég svissneska fjallgönguskó og við Guðbjartur

keyptum okkur sitt hvorar grænar hnébuxur, svo að nú ættum við að vera tilbúin að leggja í Alpana.

4. ágúst.⁴³

Komum hingað í sumahús Harry og Helenar Müller í Plasselb⁴⁴ kl. ca. 6 síðdegis eftir mikla leit, enda skýjað veður og rigning, auk þess er hér þétt byggð og vegir illa merktir. Bústaðurinn er eins og glæsilegasta íbúðarhús og þau hjónin tóku okkur opnum örmum, fyrst kaffi og kaka á svissneska vísu, þá fínasti kvöldverður, kjúklingar og grænmeti úr eigin garði, vín með matnum og svo loks kaffi og kökur í kvöld. Hér er danskur bragur á heimilishaldinu, enda er Helen dönsk og þau hjónin voru búsett í Danmörku fyrstu hjúskaparárin. Í morgun, áður en við lögðum af stað til Plasselb fóru drengirnir smáferð í bæinn, en við Guðbjartur gengum frá íbúð Barböru og keyptum í matinn og auk þess fínar ávaxtaterur, sem við síðan borðuðum á leiðinni við „autobahn“, þá rigndi hressilega, enda tókst mér ekki að þeyta rjómann með gaffli og handorkunni einni saman úti á vegarbrúninni, þrátt fyrir góðan vilja.

5. ágúst.⁴⁵

Frábær staður við Neubergersee⁴⁶, vorum þar gestir Werner og Christine Thonig, hjóna sem voru í ferð með Guðbjarti heima á Íslandi. Hann er kennari og hún optiker, prýðis fólk. Þau dvöldust hér í sumarbústað, okkur bauðst að sigla á vatninu, synda þar og sigla á seglbrettum, þetta gerðum við fram eftir degi á meðan húsbóndinn sá um svínasteikina á útigrillinu. Síðan þegar loksins var borðað kl. 6, vara á borð borin sú albasta máltíð, sem ég hef notið hingað til: svínasteik, krydduð með miklu kryddi, lauk og pepperoni, þá salöt, brauð og kartöflur auk hvít- og rauðvíns. Við borðuðum úti, um 13 – 14 manns, hlýtt var og hægur vindur, þar til skyndilega fór að hvessa og það svo snögg að okkur gafst tæplea ráðrúm til þess að bjarga öllu lauslegu inn, þó að margar hendur væru á lofti. Síðan áttu strákarnir og Christine líka í erfiðleikum við að koma seglbátinum í var – allt tókst þó vel að lokum og seinna um kvöldið var öllum boðið upp á ís og kaffi áður en haldið var heim til Plasselb ca. kl. 10. Allir glaðir og kátir eftir velheppnaðan dag, drukkum bjór og fórum síðan í háttinn.

Á leiðinni til Neubergersee skoðuðum við fyrstu rómönsku borgina hér í Sviss – Avenche⁴⁷, heitir hún. Þar hefur gamalt hringleikahús verið byggt upp á ný, og auk þess má sjá þar gamlan borgarmúr.

6. ágúst⁴⁸ (ath. staðsetningu etv. á undan Neuburgersee)

Þoka og dumbungur, þegar við vöknum í morgun, snæddum saman, hér er alltaf góður og mikill morgunverður með „Gammel dansk“ – „det er jo ikke hver dag man har gæster fra Island“ var svar Harry við athugasemd minni um að slíkt væri óhóf svona upp á hvern dag. Síðan óku þau okkur 7 að lyftunni við Schwarzsee⁴⁹ og þaðan gengum við í ca. 5 tíma, ýmist í sól eða mikilli rigningu. Jens og Niels voru fararstjórar og í einni dembunni leituðum við skjóls í seli, þar sem hægt var að kaupa drykkjarföng og fleira. Skemmtilegt að koma í svona sel og sjá allar aðstæður hjá fólkinu. Húsmóðirin var td. að gera osta í eldhúsinu við hinar frumstæðustu aðstæður. Neðar í fjallshlíðinni steiktum við pylsur á báli og átum með brauði, og þaðan áttum við 3 tíma göngu framundan þangað sem Helen ætlaði að sækja okkur. Pundið í Ingibjörgu reyndist okkur í þyngra lagi á þessari 8 stunda göngu í dag, en hún vaknaði hress og endurnærð strax og komið var inn í bílinn, enda hafði hún sofið vel og lengi á öxlunum á pabba sínum meir en hálfu leiðina. Núna matreiðir Helen spagetti og ost og við erum öll þægilega þreytt eftir góðan, en erfiðan dag.

7. ágúst.⁵⁰

Í morgun var hér úrhellis rigning og allir sváfu lengi. En eftir morgunverðinn stytta upp og við drifum okkur öll 9 til Fribourg⁵¹, sem er gömul, falleg borg ekki langt frá Plasselb. Þar skein sólin allan tímann, sem við vorum þar. Við fórum á markaðstorgið og keyptum þar grænmeti og fleira, og síðan á mjög skemmtilegan flóamarkað – þar keypti Guðbjartur sér forláta, gamlar úrsmíðatengur, og síðan gengum við um borgina, fram udnir kl. 3:30. Fribourg er frábærlega skemmtileg, gömul borg, sum húsanna eru frá miðöldum, td. dómkirkjan (frá ca. 1420) og þar er að finna einhverja þá fallegustu glerglugga, sem til eru í Sviss. Þangað koma listamenn hvaðanæfa að til þess að skoða þá – ennfremur er kirkjan sjálf tiltölulega upprunaleg og laus við síðari tíma þrjál, að sögn Harry – hann er góður leiðsögumaður, fróður og nýtur þess að segja frá. Einnig fórum við í svokallaðan „Sejlbahn“⁵² (*Funiculaire Freiburg*), sem drifinn var af klóakvatni, „fra de finere kvarterer“ skaut Helen inn í. Heimsóknina í Fribourg enduðum við á krá, sátum þar úti á svölum og höfðum útsýni yfir borgina, en bæjarstaðið er sérkennilegt á syllum og í klettahlíðum.

Þetta kvöld, laugardagskvöld, gengum við upp að bónadbæ, hér í sveitinni fyrir ofan sumarabústaðinn, og sátum þar lengi í eldhúsinu, þáðum kaffi og kökur og spjölluðum við heimilisfólkið. Hér býr ekkja með yngsta syninum af 12 börnum, einstök reynsla að hitta þetta góða fólk, hún sagði okkur ma. frá fyrirhuguðu brúðkaupi dóttur sinnar, sem verið var að undirbúa. Þegar við héldum heim var komið svarta myrkur, síðan borðuðum við „Raclette“⁵³ hjá

Helenu ca. kl. 11 um kvöldið, góður svissenskur þjóðarréttur, kartöflur með bræddum osti og hvítvín með, auðvitað, allir sváfu vel og lengi á eftir.

8. ágúst.⁵⁴

Í Luzern⁵⁵. Héldudm hingað til Luzern upp úr hádeginu, eftir að hafa þrifið og gengið frá í bústaðnum. Niels Müller er leiðsögumaður okkar í dag, skemmtilegur og notalegur strákur. Karlmennirnir fóru í „Vehrkehrsmuseum“⁵⁶, en við Ingibjörg höfum gengið í mera en 2 tíma meðfram ströndinni á Vierwaldstättersee⁵⁷ – himneskt. Síðan borðuðum við góða máltíð á bílastæðinu með Niels, höfum gengið mikið um bæinn, td. fyrir allar fallegu brýrnar. Sumar þeirra eru yfirbyggðar og prýddar fallegum myndum, dæmigerðar fyrir hverja kantónu – þarna er einnig mikið af blómu. Luzern er yndisleg borg og hér er mikið af „elegant“ ferðamönnum, sem „promenera“ meðfram vatninu.

Síðan héldum við eins og leið lá til Zürichsee⁵⁸, sigldum yfir vatnið, skiluðum Niels af okkur og fórum þaðan til Zürich, í íbúð Barböru. Drukum kaffi með henni, borðuðum af nestinu okkar og spjöluðum saman.

9. ágúst.⁵⁹

Lögðum af stað eftir góðan morgunverð til foreldra Barböru í Altstätten⁶⁰. Þangað er 2 klst. akstur í norðaustur frá Zürich. Þá rigndi og var þungskýjað. Altstätten er í þýska hluta Sviss við Rínarfljótið⁶¹ og hér er bragur allur annar heldur en í suðurhluta landsins.

Heimili Frábærlega fallegt – maður verður sér þess meðvitandi að góður smekkur og tilfinning fyrir því, sem gott og fallegt er hafi ráðið hér um. Húsið er mjög nýtískulegt, búið listmunum, mest nútímalist. En hjónin eru að sama skapi látlaus og elskuleg. Þau bera með sér, annars vegar svipmót þeirra, sem unnið hafa hörðum höndum, og hins vegar þeirra, sem kunna að fagna gestum og hafa gaman af því, sem nýtt og framandi er. Einhver notalegur og hljóðlátur blær einkenndi heimilið.

Við borðuðum góða grillmáltíð saman úti í garðinum, síðan og skoðuðum fyrirtæki Haslers⁶². Það er járnsmíðaverkstæði, sem sérhæfir sig í og selur stiga, glugga og hlið. Fyrirtækið selur um allan Sviss og einnig til Þýskalands. Auk þess er Hasler sjálfur listamaður á járn og hefur smíðað marga gripi, sem verða að teljast hrein listaverk, en lítillæti hans og hlédrægni hefur valdið því, að hann hefur aldrei haldið sýningu, þó að hann hafi margsinnis verið hvattur til þess.

Um kvöldið fóru drengirnir í fótbolta, og eftir „Abenbrot“ fórum við þrjú ásamt frú Hasler niður í miðbæinn og skoðuðum Altstätten.

10. ágúst.⁶³

Drukkum morgunkaffið úti á veröndinni, veðrið var yndislegt og Ingibjörg naut þess að sula í vatnskeri þarna í garðinum. Guðbjartur sló grasflötina ásamt drengjunum og á eftir fórum við með Barböru í bæinn á meðan Ingibjörg svaf. Frá Altstätten fórum við kl. 4:30 og fórum með Barböru til Helenar og Harry þar sem þau búa í Illanau⁶⁴, þangað kom Thomas einnig. Helen er góður kokkur, bauð upp á fína innbakaða nautalund. Heimilið er líklega fremur danskt en svissneskt, að ég held. Eftir matinn fékk ég að baða Ingibjörgu og þess vegna gátum við borið hana sofandi beint inn í rúm, þegar við loksins komum í íbúð Barböru kl. 11 um kvöldið, öll afar þreytt.

11. ágúst.⁶⁵

Vorum ferðbúin um hádegisbilið – mikil vinna að pakka og ganga frá öllu. Ferðinni vara heitið til Bern⁶⁶, þar vorum við í eina 2 tíma – einstaklega skemmtiolegt að ganga um borgina, skoða alla brunnana, sem þar eru, gildisgöngin og alla kantónufánana. Eins skoðuðum við skógarbirni í gryfju, sbr. nafnið á borginni BERN af björn. Við fengum okkur kaffi og ís á útirestaurant og keyptum svissneska vasahnífa til gjafa + kort, þeas. Örn verður að borga krónu fyrir sinn hníf.

Frá Bern fórum við til Thun⁶⁷-vatnsins, gegnum Interlaken⁶⁸, og síðan yfir Susten Pass⁶⁹ – að ráði Hákonar – Sólin skein allan daginn og útsýnið var frábært, héldum síðan í suður í átt að Locarno⁷⁰. Komum seint á sóðalegt tjaldstæði í ítalska hluta Sviss, borðuðum matinn í bílnum og fórum snemma að sofa, Ingibjörg var með ógleði og kastaði upp. Hér er allur bragur annar, en norðar í landinu, miklu fátæklegra og jafnframt sóðalegra.

12. ágúst.⁷¹

Fengum okkur öll sundsprett í lauginni á tjaldstæðinu áður en haldið var af stað, en borðuðum ekki morgunverðinn fyrr en við vorum komin til Locarno, þar gátum við fundið góðan stað á bílastæði við vatnið. Hérna voru glæsilegar villur alveg niðri við vatnið, þær sáust ekki frá veginum, en gengið var niður að þeim frá útskotum á veginum meðfram vatninu. Síðan ókum við yfir ítölsku landamærin og gerðum gott „stopp“ í borginni Domodossola⁷² nyrst í Ítalíu. Hér fengum við okkur frábærlega góðan og svalandi ítalskan ís – hitinn var óþolandi og við fremur þreytt og mállaus auðvitað. Þó var gaman að ganga þarna um. Þaðan héldum við yfir Simplonskarð⁷³ í Sviss – frábært, höfðum þarna stórkostlegt útsýni til Jungfrau⁷⁴ og fleiri fjallatinda – gerðum hlé á akstrinum

um 5-leytið, gengum um uppi í fjöllum, feðgarnir ljósmynduðu og við gengum síðan niður að einu selinu og tókum bóndann tali. Hann var með kvígur þarna, eingöngu til kjöteldis, en nágrannabóndinn hafði hins begar mjólkurkúr, sagði hann okkur. Sjálfur sagðist hann búa niðri í dalnum á veturna, en flytja sig með fjölskylduna upp í fjöllin á sumrin, þau dvöldust á einum 4 – 6 mismunandi stöðum yfir sumarið. Villtar gemsur benti hann okkur á í hlíðinni, en nú væri bannað að hafa geitur vegna þess hve nærri þær gengju skógi og öllum gróðri. Kvöldsólin skein og vermdi svo yndislega þarna hátt uppi í hlíðum Alpafjallanna, þótt orðið væri áliðið – öll nutum við þess að vera þarna. Loks var haldið í náttstað, fundum seint ágætis tjaldstæði ekki langt frá Zermatt⁷⁵, þá var tekið að dimma, það er eins og myrkrið skelli á á fáeinum mínútum. Við ætluðum að reyna að komast í námunda við Matterhorn næsta morgun. Okkur var tjáð, að best væri að taka fyrstu lest kl. 6:30 upp til Zermatt næsta bæjar. Þetta kvöld borðuðum við góða máltíð á veitingastað tjaldstæðisins – Wiener schnitzel⁷⁶ og franskar + vín og bjór. Síðan smurðum við nestið þá um kvöldið fyrir næsta dag og tókum allan faraangur til – ætlunin var að vakna kl. 5 næsta morgun til þess að missa ekki af fyrstu lest. Þarna var kalt á tjaldstæðinu, enda lá það í þó nokkurri hæð, en við sváfum öll vel um nóttina, enda ekki kvöldkaffið til þess að halda fyrir manni vöku. Töluðum við mömmu í síma þetta kvöld, en aðeins örstutt.

13. ágúst.⁷⁷

Þessi dagur við Matterhorn verður líklega að teljast hápunktur ferðarinnar. Áætlunin stóðst, við vorum komin upp til Gorner-Grad⁷⁸ ásamt heilum hópi af Japönnum kl. 7 – veðrið var frábært og útsýnið til Monte Rosa⁷⁹ og Matterhorn⁸⁰ eins og best verður á kosið. Við dvöldum þarna lengi, strákarnir gengu síðan upp að skriðjöklinum, en við Guðbjartur héldum niður í móti – með Ingibjörgu í kerrunni – þvílíka athygli hefur víst fáum tekist að vekja – Guðbjartur mátti hafa sig allan við til þess að geta stjórnað kerrunni í grýttum hallanum, á meðan Ingibjörg hljóðaði ýmist af hræðslu eða ánægju – á eftir kom ég með ljósmyndatöskuna og fleira. Við mættum ótal mörgum, sem voru á uppleið og allir buðu góðlátlega góðan daginn, um leið og þeir furðuðu sig greinilega á þessum ferðamáta okkar. Við mæltum okkur mót við drengina neðar í fjöllum kl. 12. Þar borðuðum við nestið saman og hvíldum okkur í sólinni. Síðan gengum við niður að næsta hóteli, fengum okkur bjór þar á okurverði, en þá var farið að rigna og við þreytt eftir langa göngu. Við ákváðum því að taka lestina aftur niður að Zermatt. Þar í þorpinu gátum við verslað, já, strákarnir þurfa sitt, ekki síst við þessar aðstæður, og síðan héldum við í áttina að Genfarvatni⁸¹ – þar

sváfum við á góðu tjaldstæði um nóttina. Við vorum afar þreytt eftir mikinn dag. Þetta var í borginni Morges⁸² norðanvert við Genfarvatnið.

14. ágúst.⁸³

Laugardagsmorguninn fór allur í það að þvo og þurrka þvott + það að þvo sjálfum sér og snyrta fyrir heimsóknina til „frönsku fjölskyldunnar“ eins og við kölluðum hana jafnan. Þvottinn gat ég þurrkað allan í sólinni, hengdi buxur, bleyjur og nærföt á bílhurðir, bílspegla og víðar og skipti um eftir stutta stund því að bíllinn var sjóðheitur í sólinni og því eins og besti þurrkari. Næsti áfangastaður var Aix-Les-Baines⁸⁴ í Frakklandi og þangað vorum við komin kl. 3. Hitinn var mikill og okkur gekk fremur illa að finna heimili frönsku hjónanna. Það tókst þó að lokum og mikið var gaman að hitta þetta elskulega fólk – þau hjónin + dótturin Silvie, sem öll höfðu verið í ferð með Guðbjarti hérna um árið, auk þeirra var þarna lítil frænka frá París, Soffie og amman, sú sem þrjónaði peysurnar á Ingibjörgu. Húsið þeirra er á yndislegum stað uppi í hlíðinni fyrir ofan borgina og þaðan var mikið og fallett útsýni yfir vatnið, sem borgin stendur við. Þangað var farið á sundstað, eftir að við höfðum þegið smá hressingu. Aðstaðan var frábær, hægt var að synda þarna bæði í nýtísku laug og eins í sjálfu vatninu, allt svo fallett og „elegant“ og Ingibjörg og Soffie voru í sjöunda himni. Héldum heim um hálf 8 og borðuðum franskan kvöldverð úti í garðinum. Fyrst var borin fram heit, þykk súpa úr kartöflum + rabbarbara, þá kalt kjöt, skinka, roast-beef og fleira með brauði – loks tómatar með olíusósu. Á eftir var afbragðs eggjabúðingur og loks ávextir. Allt var þetta borið fram sitt í hvoru lagi, nema brauðið og vínið fengum við með öllu. Frúin fór snemma að sofa, fyrst af öllum, þau geta aðeins talað hrafl í ensku svo að samræður gengu fremur stirðlega og verða auðvitað þreytandi til lengdar, annars gekk „kommunionin“ bara furðu vel.

15. ágúst.⁸⁵

Sameiginlegur morgunverður, setið úti – heit mjólk + kaffi, drukkið úr stórum skálum, + brauð, corn-flakes, juice, hunang, marmelaði ofl., enginn ostur. Eftirá var farið í langa skógarferð, um svæðið, sem áður laut Ítölum, síðan ekið niður að vatninu til að skoða og gefa svönunum, Aix-Les-Baines er yndislega falleg borg, - síðan skoðuðum við osta- og vínmarkað, þar sem bændur voru að selja afurðir sínar. Loks vara farið heim og mikil máltíð borin fram: melona + sætt vín sem „apperativ“, þá spagetti með snittubrauði, kjúklingar – ostur með rauðvíni og sætu hvítvíni, loks sykraðir ávextir og kaffi. Kl. 3 um kvöldum við þessa góðu fjölskyldu, en þá hafði Ingibjörg sofið góða

stund og var hress fyrir ferðina. Héldum að ráði gestgjafanna til Beaune⁸⁶, á leiðinni gerði rigningu en þó stytta fljótlega upp – stoppuðum í smá þorpi á leiðinni vegna sirkus, sem þar var. Í Beaune leituðum við lengi að tjaldstæði, en þar reyndist vera fullbókað, svo aðvið urðum að tjalda í litlu þorpi þar í grendinni, 7 km fjær. Um kvöldið borðuðum við góða máltíð saman í bílnum, aðallega ýmislegt góðgæti frá frönsku frúnni.

16. ágúst⁸⁷

Eyddum mestum hluta dagsins í Beaune – skoðuðum gamla spítalann þar, sem enn er starfræktur, þótt 500 ára sé – einstaklega fróðlegt og skemmtilegt að skoða þessa stofnun, allt hefur verið svo listilega og ver gert í upphafi. Heitt var í veðri, við keyptum þó fínar franskar kökur og hituðum okkur kaffi í bílnum á torginu, skoðuðum borgina síðan betur, dómkirkjuna – Notre Dame og versluðum, fórum meðal annars í vínkjallar og keyptum vín til þess að taka með til Ritu + Co. Það höfum við reyndar líka gert áður hjá vínbónda nokkrum – mun skemmtilegra. Okkur fannst vínið tiltölulega dýrt, en frábærlega gott. Gaman var að aka um þessi frjósömu héruð upp með Rohne, en eftir því sem norðar dró breyttist umhverfið, þar er landbúnaður og iðnaður áberandi. Síðan héldum við í áttina að Verdun⁸⁸ – mikil umferð en Ingibjörg og strákaarnir í besta skapi og ferðin gekk vel. Komum á fremur fábrotið tjaldstæði við Jonvelle⁸⁹ kl. ca. 9, borðuðum góða máltíð í bílnum: hvítvín + ost + brauð, okkar uppáhald, og sváfum síðan vel. Við gátum étið endalaust af þessu góða, franska brauði, sem virðist vera á hvers manns borði, því að jafnaði ber sérhver frakki 4 til 5 stykki undir hendinni og þá án umbúða.

17. ágúst.⁹⁰

Eyddum mestum hluta dagsins í Verdun, það var eindregin ósk drengjanna að koma á þennan sögufræga stað. Við skoðuðum ýmis minnismarki og verksummerki frá stríðinu og strákarnir fóru einnig og skoðuðu þar frægt safn. Ókum síðan á „autobahn“ til Kölnar⁹¹. Komun ekki þangað fyrr en kl. 11 um kvöldið eftir mikla leit að tjaldstæði, vorum þá bæði þreytt og svöng, urðum þó að láta okkur nægja það sem til var í frystikistunni, einn bjór og ostur, auk þess hrökkbrauð. Annað var ekki að finna af matföngum í bílnum og allir matstaðir lokaðir eða þá í órafjarlægð. Því var lítið annað hægt að gera en leggjast til svefns – enda gerðum við það og sváfum meira að segja vel – næsta morgun skein sólin á ný, við tókum daginn snemma og héldum til Hamborgar.⁹²

18. ágúst.⁹³

Ókum stíft til Hamborgar á „autobahn“, stoppuðum aðeins einu sinni á bensínstöð, Ingibjörg svaf mest af leiðinni, komum um 4:30 til Hamborgar, þreytt og svöng, fengum okkur kaffi og kökur á fínu café og versluðum: drengirnir íþróttabúninga, Guðbjörg síðbuxur og aðrir meðlimir það sem hugurinn girntist til dæmis plómur. Síðan gengum við lengi um borgina undir leiðsögn Tómasar, fínar verslanir og „elegans“ yfir öllu – Tommi stóð sig vel sem „guide“ í stórborginni, hins vegar reyndist hann ómögulegur við að lesa á kortin – þar er Hákon rétti maðurinn. Gott var að koma til Karen og Jörg ca. 9, þar beið okkar stórkostleg máltíð, svínasteik + kartöflur + mikið og gott grænmeti í kjötkrafti, auk þess fínasta rauð- og hvítvín. Karen er frábær kokkur og Jörg reglulegur „gourmet“. Þau leystu okkur síðan út með gjöfum, góðu víni, bjór og myndum, við rifjuðum upp dagana á Íslandi þá fyrir um sumarið. Jürgen heitir hann en ekki Jörg – hann kunnir sýnilega að meta vínið okkar frá Beaune, en taldi það þó þurfa að bíða í allt að því eina viku til þess að jafna sig eftir hristinginn.

19. ágúst.⁹⁴

Borðuðum góðan morgunverð saman með Karin, Jürgen var þá farinn í skólann – héldum þaðan til Puttgarten⁹⁵, áttuðum okkur of seint á því að við áttum „retur- farmiða“ til Danmerkur frá Travemünde til Gedser⁹⁶ – tókum þó öllu vel – hér var úrhellisrigning. Borðuðum góðan „platta“ á Aussichts-restaurant við ferjustæðið í Puttgarten og hituðum okkur síðan kaffi í bílnum um borð í ferjunni. Áður hafði ég birgt mig upp af bleyjum fyrir síðustu þýsku mörkin – auðvitað varð ég að þola stríðni og spaugsyrdi af hálfu feðganna fyrir. Þetta kvöld tókst okkur að hafa upp á Baldri og Þóru í sumarbústöðum í Karresbæksminde⁹⁷ – gaman var að spjalla við þau. Hringdum síðan þaðan í Ritu og boðuðum komu okkar til þeirra þá seint um kvöldið. Við borðuðum í bílnum á leiðinni til Hafnar⁹⁸ og gátum því gengið beint til hvílu, þegar á Frederiksber Allé⁹⁹ kom.

20. ágúst.¹⁰⁰

Morguninn fór í að hlaða í bílinn öllu því sem við gátum séð af síðasta daginn í Höfn og auðvitað fyrstu dagana heima. Guðbjartur skilaði bílnum um borð, Tommi fór að versla einn síns liðs, en við hin héldum síðan saman inn í miðborgina, keyptum úr handa mér, plötur og gjafir, enduðum síðan á La Clace og gæddum okkur á kaffi og tertu. Ingibjörg var heldur óstýrilát og eyðilagði greinilega stemminguna á staðnum, þes. ekki bara fyrir mér heldur ekki síður

fyrir þeim, sem sátu við næstu borð. Um kvöldið var síðan fjölskyldu- „sammenskudsgildet“ hjá Rigu og Ebbe. Virkilega ánægjulegt og vel heppnað kvöld. Allir lögðu sitt af mörkum: Rita húsnæði og borðbúnað, Else kom með soðinn hamborgarhrygg + brauð, Anne kom með sveppasalát og Tove með grænmeti og rauðgraut + ísl. hangikjöt. Vínföngin höfðum við komið með frá Frakklandi. Alls vorum við 25 manns, sem sátum til borðs, allir glaðir og hressir, bæði ungir og aldnir. Á eftir útbýtti Rita erfðagripum móster Karen samkvæmt hennar fyrirætlunum, sem hún hafði gengið frá skriflega áður en hún dó. Þá vara drukkið kaffi með smákökum og kaffi + sælgæti. Kvöldið endaði síðan á því að síðustu veislugestirnir stóðu og skúruðu rauðgrautar og rjómaslettur í protinu hjá Ritu – tvær fullar keramik-skálar fóru þar í þúsund mola. Tove gleymdi peningaveskinu sínu við bílinn í öllu atinu og þegar átti að sækja það var það auðvitað horfið og allt sem í því var. En hún tók öllu vel eins og hennar var von og vísa.

21. ágúst.¹⁰¹

Laugardagsmorgun. Við notuðum síðustu mínúturnar og aurana í það að kaupa gráðost í verslun á Gammel Kongevej. Ebbe ók okkur út á flugvöll. Í einhverju hugsunarleysi og fátí asnaðist ég til þess að kaupa 2 „spegepølser“ í flughöfninni í Kastrup¹⁰² – að sjálfsögðu lentu þær í klónum á tollvörnum hér heima – ég varð æði klaufaleg, þegar ég var að reyna að bjarga mínu skinni og hét því að éta íslenskt álegg á Íslandi í framtíðinni. Flugið heim gekk vel, Ingibjörg svaf meiri hluta leiðarinnar – indælt var að sjá Erlu og Örn í biðslanum, þegar við loksins komunst útúr þvögunni – og þá ekki síður gott að þiggja kaffi og góðar kökur með þeim heima hjá ömmu um kvöldið. Næsta morgun sóttum við síðan Tomma út á Keflavíkurflugvöll, en hann átti far með vél degi seinna en við og um það bil einni viku seinna heimtum við blessaðan bílinn heim með skipi, í góðu lagi nema hvað fáeinum ómerkilegum flíkum hafði verið stolið úr farangrinum. Þar með var Svisslandsferð okkar á enda.

1 **24. júlí 1982**
2 Kaupmannahöfn 24. júlí 1982 [<https://en.wikipedia.org/wiki/Copenhagen>]
3 Hotel Selandia
4 Havnerundfarten, Kanalrundfart København [https://da.wikipedia.org/wiki/Canal_Tours]
5 Middag, kvöldmatur, Abendbrot.
6 **25. júlí, sunnudagur.**
7 Tivolí, København [https://en.wikipedia.org/wiki/Tivoli_Gardens]
8 **Mánudagur 26. júlí.**
9 Lübeck [<https://de.wikipedia.org/wiki/L%C3%BCbeck>]
10 Sengeløse Søren Koch
11 Travemünde [<https://de.wikipedia.org/wiki/L%C3%BCbeck-Travem%C3%BCnde>]
12 **27. júlí, þriðjudagur**
13 Lübeck 27. júlí [<https://de.wikipedia.org/wiki/L%C3%BCbeck>]
14 Mariukirkjan, Lübeck [[https://de.wikipedia.org/wiki/Marienkirche_\(L%C3%BCbeck\)](https://de.wikipedia.org/wiki/Marienkirche_(L%C3%BCbeck))]
15 Wienerwald kjúklingur
16 **28. júlí, miðvikudagur**
17 Eschede 28. júlí [<https://en.wikipedia.org/wiki/Eschede>]
18 Celle 28. júlí [<https://de.wikipedia.org/wiki/Celle>]
19 Münden [https://de.wikipedia.org/wiki/Hann._M%C3%BCnden]
20 Weser [<https://de.wikipedia.org/wiki/Weser>]
21 **29. júlí**
22 Fulda [[https://en.wikipedia.org/wiki/Fulda_\(river\)](https://en.wikipedia.org/wiki/Fulda_(river))]
23 Münden 29. júlí [https://en.wikipedia.org/wiki/Hann._Münden]
24 Werra [<https://en.wikipedia.org/wiki/Werra>]
25 Bamberg 29. júlí
26 **30. júlí, föstudagur.**
27 Arzberg 30. júlí [https://en.wikipedia.org/wiki/Arzberg_porcelain]
28 Fichtelgebirge [https://en.wikipedia.org/wiki/Fichtel_Mountains]
29 Weissenstadt 30. júlí [<https://en.wikipedia.org/wiki/Weißenstadt>]
30 **31. júlí.**
31 Gohren 31. júlí [[https://de.wikipedia.org/wiki/Gohren_\(Kressbronn_am_Bodensee\)](https://de.wikipedia.org/wiki/Gohren_(Kressbronn_am_Bodensee))]
32 Wiener Schnitzel [https://en.wikipedia.org/wiki/Wiener_schnitzel]
33 **1. ágúst**
34 Bodenbatn 1. ágúst 1982 [https://en.wikipedia.org/wiki/Lake_Constance]
35 Meerburg 1. ágúst [<https://en.wikipedia.org/wiki/Meersburg>]
36 Konstanz 1. ágúst [<https://de.wikipedia.org/wiki/Konstanz>]
37 Sviss [<https://en.wikipedia.org/wiki/Switzerland>]
38 Zürich 1. ágúst [<https://en.wikipedia.org/wiki/Zürich>]
39 **2. ágúst.**
40 Martina
41 **3. ágúst.**
42 Kunsthaus Zürich [https://en.wikipedia.org/wiki/Kunsthaus_Zürich]
43 **4. ágúst.**
44 Plasselb 4. ágúst [<https://en.wikipedia.org/wiki/Plasselb>]
45 **5. ágúst.**
46 Neubergersee 5. ágúst [https://en.wikipedia.org/wiki/Lake_Neuchâtel]
47 Avenche 5. ágúst [<https://en.wikipedia.org/wiki/Avenches>]
48 **6. ágúst**
49 Schwarzsee 6. ágúst [<https://en.wikipedia.org/wiki/Schwarzsee>]
50 **7. ágúst.**
51 Fribourg 7. ágúst [<https://en.wikipedia.org/wiki/Fribourg>]
52 „Sejlbahn“ Fribourg [https://en.wikipedia.org/wiki/Fribourg_funicular]
53 „Raclette“ [<https://en.wikipedia.org/wiki/Raclette>]
54 **8. ágúst.**
55 Luzern [<https://en.wikipedia.org/wiki/Lucerne>]
56 „Vehrkehrsmuseum“ Luzern [https://de.wikipedia.org/wiki/Verkehrshaus_der_Schweiz]
57 Vierwaldstättersee [<https://de.wikipedia.org/wiki/Vierwaldstättersee>]
58 Zürichsee [https://en.wikipedia.org/wiki/Lake_Zurich]
59 **9. ágúst.**
60 Altstätten [<https://en.wikipedia.org/wiki/Altstätten>]
61 Rínarfljótið [<https://de.wikipedia.org/wiki/Rhein>]
62 fyrirtæki Haslers [<https://www.hasler-treppen.ch>]
63 **10. ágúst.**

64 Illnau [<https://en.wikipedia.org/wiki/Illnau-Effretikon>]
65 **11. ágúst.**
66 Bern [<https://en.wikipedia.org/wiki/Bern>]
67 Thun-vatn [https://en.wikipedia.org/wiki/Lake_Thun]
68 Interlaken [<https://en.wikipedia.org/wiki/Interlaken>]
69 Susten Pass [https://en.wikipedia.org/wiki/Susten_Pass]
70 Locarno [<https://en.wikipedia.org/wiki/Locarno>]
71 **12. ágúst.**
72 Domodossola [<https://en.wikipedia.org/wiki/Domodossola>]
73 Simplonskarð [https://en.wikipedia.org/wiki/Simplon_Pass]
74 Jungfrau [<https://en.wikipedia.org/wiki/Jungfrau>]
75 Zermatt [<https://en.wikipedia.org/wiki/Zermatt>]
76 Wiener schnitzel [https://en.wikipedia.org/wiki/Wiener_schnitzel]
77 **13. ágúst.**
78 Gorner-Grad [<https://en.wikipedia.org/wiki/Gornergrat>]
79 Monte Rosa [https://en.wikipedia.org/wiki/Monte_Rosa]
80 Matterhorn [<https://en.wikipedia.org/wiki/Matterhorn>]
81 Genfarvatn [https://en.wikipedia.org/wiki/Lake_Geneva]
82 Morges [<https://en.wikipedia.org/wiki/Morges>]
83 **14. ágúst.**
84 Aix-les-Bains [<https://en.wikipedia.org/wiki/Aix-les-Bains>]
85 **15. ágúst.**
86 Beaune [<https://en.wikipedia.org/wiki/Beaune>]
87 **16. ágúst**
88 Verdun [<https://en.wikipedia.org/wiki/Verdun>]
89 Jonville-en-Woëvre [<https://en.wikipedia.org/wiki/Jonville-en-Wo%C3%ABvre>]
90 **17. ágúst.**
91 Kölnar [<https://en.wikipedia.org/wiki/Cologne>]
92 Hamborgar [<https://en.wikipedia.org/wiki/Hamburg>]
93 **18. ágúst.**
94 **19. ágúst.**
95 Puttgarten [<https://en.wikipedia.org/wiki/Puttgarden>]
96 Gedser [<https://en.wikipedia.org/wiki/Gedser>]
97 Karresbæksminde [<https://da.wikipedia.org/wiki/Karreb%C3%A6ksminde>]
98 Kaupmannahöfn [<https://en.wikipedia.org/wiki/Copenhagen>]
99 Frederiksber Allé [https://en.wikipedia.org/wiki/Frederiksberg_Allé]
100 **20. ágúst.**
101 **21. ágúst.**
102 Kastrup [https://en.wikipedia.org/wiki/Copenhagen_Airport]